



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmári 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 18. nóvember 2025
MSS25100138

Umsögn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga - Safnahúsið, Hverfisgata 15, 19. – 26. nóvember 2025

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á grundvelli 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Safnahúsið, Hverfisgata 15, 19. – 26. nóvember 2025

Umsækjandi: Aðalsteinn Ragnar Benediktsson, kt. 020384-2989.

Sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga dagana

frá 19.11.2025 kl. 11:30 til 19.11.2025 kl. 17:30.

frá 20.11.2025 kl. 11:30 til 20.11.2025 kl. 17:30.

frá 21.11.2025 kl. 11:30 til 21.11.2025 kl. 20:00.

frá 22.11.2025 kl. 11:30 til 22.11.2025 kl. 17:30.

frá 25.11.2025 kl. 11:30 til 25.11.2025 kl. 17:30.

frá 26.11.2025 kl. 11:30 til 26.11.2025 kl. 17:30 í tilefni veitingar í Safnahúsinu á aðventu sem haldið verður í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15. Gestafjöldi er 60.

Umsögn:

Skrifstofa borgarstjórnar: Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr. 15 við Hverfisgötu er safn byggt árið 1907. Áður var Landsbókasafn þar til húsa en í dag er Safnahúsið starfrækt í húsinu. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu tækifærisleyfis til áfengisveitinga til þess að hægt sé að bjóða upp á veitingar á aðventunni. Umsækjandi er Aðalsteinn Ragnar Benediktsson, kt. 020384-2989. Sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir eftirfarandi daga: 19. nóvember 2025 frá kl. 11:30 til kl. 17:30, 20. nóvember 2025 frá kl. 11:30 til kl. 17:30, 21. nóvember 2025 frá kl. 11:30 til kl. 20:00, 22. nóvember 2025 frá kl. 11:30 til kl. 17:30, 25. nóvember 2025 frá kl. 11:30 til kl. 17:30 og 26. nóvember 2025 frá kl. 11:30 til kl. 17:30. Um M1b segir í aðalskipulagi: Markmiðið er að efla fjölbreytta atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir stofnunum og skrifstofum og sérhæfðri þjónustu, þ.m.t. gistipjónustu. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum húsnæðis. Við jarðhæðir með götuhliðastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda á svæðinu. Sjá nánar kafla 19, Sérstök ákvæði um starfsemi. Frekari markmið og forsendur um þróun miðborgar eru sett fram í skjalinu B2. Miðborgin í 6. gr. málsmæðferðarreglna borgarráðs vegna veitingastaða og gististaða segir: Í miðborg, á miðsvæðum, á hafnarsvæði H2 í Örfirisey (sbr. mynd 6 í kafla um hafnarsvæði í AR) og athafnasvæðum má heimila veitingatíma áfengis frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga, þó til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Umsókn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga er því innan marka skipulags. Niðurstaða: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis til áfengisveitinga í Safnahúsinu að Hverfisgötu 15, fnr. 2003029, á þeim dögum og tímum sem taldir eru upp hér að ofan.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur: Það staðfestist hér með að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitir neikvæða umsögn vegna umsóknar Aðalsteins Ragnars Benediktssonar (kt. 020384-2989) um tímabundin áfengisleyfi:



Reykjavík



19.11.2025 kl. 11:30 til kl. 17:30.
20.11.2025 kl. 11:30 til kl. 17:30.
21.11.2025 kl. 11:30 til kl. 20:00.
22.11.2025 kl. 11:30 til kl. 17:30.
25.11.2025 kl. 11:30 til kl. 17:30.
26.11.2025 kl. 11:30 til kl. 17:30

Í tilefni af veitingaþjónustu um aðventuna í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15 101 Reykjavík þar sem ekki er til staðar starfsleyfi til að meðhöndla matvæli í húsnæðinu.

Því er staðfest að umsóknin er ekki innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því neikvæð með vísan til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Viktoría J. Laxdal

Viktoría J. Laxdal
e.u.



Reykjavík



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmári 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 17. nóvember 2025
MSS25100009

Umsögn um rekstrarleyfi - Candlewood Suites by Alva, Rauðarárstígur 27, fnr. 201-1217.

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr.85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Candlewood Suites by Alva, Rauðarárstígur 27, fnr. 201-1217.

Umsækjandi: ALVA Hotels ehf., kt. 680323-1430.

Gististaðurinn er í umsókn skilgreindur í flokki II skv. 4. gr. laga nr. 85/2007 (Gististaður án veitinga). Tegund: stærra gistiheimili. . Gestafjöldi 197.

Umsögn:

Skrifstofa borgarstjórnar: Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr.27 við Rauðarárstíg er skráð skrifstofuhúsnæði og lóðin sem viðskipta og þjónustulóð í fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki II – B. Stærra gistiheimili. Í II.kafla, 4.grein, reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald stendur: B. Stærra gistiheimili: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 6 herbergi eða fleiri eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. Rauðarárstígur tilheyrir miðborg M1b – blönduð miðborgarbyggð. Skrifstofur og þjónusta. Svo segir um svæðið í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040: Markmiðið er að efla fjölbreytta atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir stofnunum og skrifstofum og sérhæfðri þjónustu, þ.m.t. gistipjónustu. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum húsnæðis. Við jarðhæðir með götuhliðastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda á svæðinu. Sjá nánar kafla 19, Sérstök ákvæði um starfsemi. Frekari markmið og forsendur um þróun miðborgar eru sett fram í skjalinu B2. Miðborgin. Niðurstaða: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki II – B. stærra gistiheimili í húsinu við Rauðarárstíg 27, fnr. 2011217, þar sem að það samræmist aðalskipulagi.

Byggingarfulltrúi: Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa er varðar rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, B-Stærra gistiheimili – Candlelight suites by Alva, Fnr. F2011217, rýmisnr. 0101, 0201, 0301 og 0401, kt. 6803231430, Laugavegi 182, 101, Reykjavík. Samkvæmt gögnum embættis byggingarfulltrúa voru breytingar á húsnæðinu samþykktar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur 18. mars 2025 USK25020151 og öryggisúttekt staðfest með útgáfu vottorðs 26.september 2025. Leyfið takmarkast við 197 gesti.

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins: Slökkviliðið fellst á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við 197 manns. Öryggis-lokaúttekt liggur fyrir.

Heilbrigðiseftirlit: Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Gestafjöldi 197.



Reykjavík



Því er staðfest að umsóknin er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því jákvæð.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Viktoría J. Laxdal

Viktoría J. Laxdal
e.u.



Reykjavík



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmári 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 17. nóvember 2025
MSS25090063

Umsögn um rekstrarleyfi – Maiz, Kringlan 4-12, fnr. 226-1692.

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Maiz, Kringlan 4-12, fnr. 226-1692.

Umsækjandi: Reykjavík 1922 ehf., kt. 520124-1010.

Veitingastaðurinn er í umsókn skilgreindur í flokki II skv. 4. gr. laga nr. 85/2007 (umfangslítill áfengisveitingastaður). Tegund: veitingastofa og greiðasala. Veitingatími áfengis frá kl. 11.00 til kl. 20.00 alla daga. Gestafjöldi 20.

Umsögn:

Skrifstofa borgarstjórnar: Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr. 4-12 við Kringluna er verslunarmiðstöð. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn Maiz í húsinu, fnr. 2261692, rýmisnr. 0325, í flokki II – A veitingahús með afgreiðslutíma áfengis frá kl. 11:00 til kl. 20:00 alla daga. Umsækjandi er Reykjavík 1922 ehf., kt. 520124-1010. Samkvæmt aðalskipulagi geta veitingastaðir í flokkum I-III verið heimilaðir og því eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Niðurstaða: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis í flokki II – C veitingastofa fyrir veitingastaðinn Maiz í húsinu að Kringlunni 4-12, fnr. 2261692, rýmisnr. 0325, með afgreiðslutíma áfengisveitinga frá kl. 11:00 til kl. 20:00 alla daga.

Byggingarfulltrúi: Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa er varðar rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, C veitingastofa og greiðasala – Maiz, Fnr. F2261692, rýmisnr. 0325, kt. 520124-1010, Kringlan 4-12, 103, Reykjavík. Samkvæmt gögnum embættis byggingarfulltrúa voru breytingar á húsnæðinu samþykktar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur 9. janúar 2025 (USK23070261) og lokaúttekt staðfest með útgáfu vottorðs 11. apríl 2025. Leyfið takmarkast við 20 gesti.

Heilbrigðiseftirlit: Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Ótímabundið starfsleyfi í gildi.

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins: Slökkviliðið fellst ekki á að ofangreint leyfi verði veitt. Umbeðin gögn frá rekstraraðila hafa ekki borist.

Því er staðfest að umsóknin er ekki innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því neikvæð með vísan til umsagnar slökkvilið. Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Viktoría J. Laxdal

Viktoría J. Laxdal
e.u.



Reykjavík



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmári 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 17. nóvember 2025
MSS25100142

Umsögn um rekstrarleyfi – Hressó, Austurstræti 20, fnr. 200-2665.

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr.85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Hressó, Austurstræti 20, fnr. 200-2665.

Umsækjandi: Skálinn 20 ehf., kt. 510925-2540.

Veitingastaðurinn er í umsókn skilgreindur í flokki II skv. 4. gr. laga nr. 85/2007 (umfangslítill áfengisveitingastaður). Tegund: kaffihús/krá. Veitingatími áfengis frá kl. 12.00 til kl. 01.00 alla daga. Gestafjöldi 35.

Umsögn:

Skrifstofa borgarstjórnar: Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr. 20 við Austurstræti er timburhús byggt árið 1870 og er skráð sem veitingahús í fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu rekstrarleyfis í flokki II – E Kaffihús og F Krá fyrir veitingastaðinn Hressó í húsinu við Austurstræti 20, fnr. F2002665, rýmisnr. 0102, með afgreiðslutíma áfengisveitinga frá kl.12:00 til kl.01:00 alla daga. Hámarksfjöldi gesta er 35 manns. Í aðalskipulagi segir um miðsvæði M1a - Miðborgarkjarni: Í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta, líflegustu verslunargötur landsins og lítríka flóru veitingastaða auk fjölbreyttrar sérfræðipjónustu. Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnsýslu, menningar og mennta. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistipjónustu sbr. þó sérákvæði um hana hér að neðan. Til þess að efla smásöluverslun staðbundið í miðborgarkjarnanum og stuðla að fjölbreyttri starfsemi og lifandi almenningssýmum eru ákvæði um útlit og starfsemi við götuhliðar í miðborgarkjarna. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda í miðborgarkjarna en á afmörkuðu svæði eru rýmri veitingaheimildir. Sjá nánar kafla 19, Sérstök ákvæði um starfsemi. Frekari markmið og forsendur um þróun miðborgar eru settar fram í skjalinu B2. Miðborgin. Skv. Mynd 18. Flokkun svæða í miðborginni eftir heimildum um vínveitingar í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin og byggingin við Austurstræti 20 á svæði með rýmri vínveitingarheimildir. Þá segir um svæði með rýmri miðborgarheimildir í aðalskipulagi: Rýmri miðborgarheimildir – lengst opið til 4.30 um helgar/frídaga Á svæði með rýmri miðborgarheimildir má heimila allar tegundir veitingastaða í flokki I–III. Þó aldrei lengur en til 4.30. Í rekstrarleyfi veitingastaða á þessu svæði má heimila útveitingar, þó aldrei lengur en til kl. 23.30. Í reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald segir um veitingastaði í flokki II: Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Þá segir um tegundir veitingastaða í 18.gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald: e. Kaffihús: Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér undir falla t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til neyslu veitinga á staðnum. f. Krá: Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat, þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og langan afgreiðslutíma. Í málsmæðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði segir í 6.gr. um



Reykjavík



veitingastaði utan íbúðasvæða: Í miðborg, á miðsvæðum, á hafnarsvæði H2 í Örfirisey (sbr. mynd 6 í kafla um hafnarsvæði í AR) og athafnasvæðum má heimila veitingatíma áfengis frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga, þó til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Heimilt er að takmarka veitingatíma frekar en kemur fram í 1. mgr., s.s. ef veitingastaður er umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Ef telja verður að starfsemi áfengisveitingastaðar falli ekki að nálægri byggð er heimilt að synja um rekstrarleyfi. Niðurstaða: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn Hressó í flokki II – E Kaffihús og F Krá í húsinu við Austurstræti 20, fnr. F2002665, rýmisnr. 0102, með afgreiðslutíma áfengisveitinga frá kl.12:00 til kl.01:00 alla daga.

Byggingarfulltrúi: Neikvæð umsögn byggingarfulltrúa er varðar rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, E – Kaffihús – Hressó, Fnr. F2002665, rýmisnr. 0102, kt. 510925-2540, Austurstræti 20, 101, Reykjavík. Samkvæmt gögnum embættis byggingarfulltrúa voru breytingar á húsnæðinu samþykktar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur 13. desember 2022 (BN061449). Erindið er áskilið lokaúttekt en engin lokaúttekt hefur farið fram. Að auki sýna samþykktar breytingar að í rými 0102 að gert er ráð fyrir 30 gestum í rýminu. Afla skal lokaúttektar vegna erindisins og bent er á að jákvæð umsögn byggingarfulltrúa fæst ekki fyrr en vottorð um lokaúttekt berst og þá einungis fyrir 30 gestum í rými 0102 í húsinu að Austurstræti 20, fnr. F2002665.

Því er staðfest að umsóknin er ekki innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því neikvæð með vísun í umsögn byggingarfulltrúa. .

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Viktoría J. Laxdal

Viktoría J. Laxdal
e.u.



Reykjavík



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmári 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 12. nóvember 2025
MSS25100133

Umsögn um rekstrarleyfi – Kabarett, Bankastræti 5, fnr. 200-4318.

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr.85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Kabarett, Bankastræti 5, fnr. 200-4318.

Umsækjandi: Kjallarinn ehf., kt. 521124-0240.

Veitingastaðurinn er í umsókn skilgreindur í flokki II skv. 4. gr. laga nr. 85/2007 (umfangslítill áfengisveitingastaður). Tegund: skemmtistaður. Um er að ræða nýtt leyfi. Veitingatími áfengis frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga. Útveitingar frá kl. 11.00 til kl. 21.00. Gestafjöldi 160, í útveitingum 16.

Umsögn:

Skrifstofa borgarstjórnar: Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr.5 við Bankastræti er steinsteypt hús á 4.hæðum ásamt kjallara, byggt árið 1930. Húsnæðið er skráð sem verslun/veitingahús í fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn Kabarett – Fjöllistahús í húsinu við Bankastræti 5, fnr. F2004318, í flokki II – B skemmtistaður með afgreiðslutíma áfengis frá kl.11:00 til kl.01:00 alla daga og útveitingar frá kl.11:00 til kl.21:00 alla daga. Hámarksfjöldi gesta er 160 manns inni ásamt 16 manns á útveitingasvæði. Lóðin og húsið við Bankastræti 5 er á miðborgarsvæði M1a – Miðborgarkjarni. Um svæði M1a segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040: Í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta, líflegustu verslunargötur landsins og litríka flóru veitingastaða auk fjölbreyttrar sérfræðipjónustu. Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnsýslu, menningar og mennta. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistipjónustu sbr. þó sérákvæði um hana hér að neðan. Til þess að efla smásöluverslun staðbundið í miðborgarkjarnanum og stuðla að fjölbreyttri starfsemi og lifandi almenningsrýmum eru ákvæði um útlit og starfsemi við götuhliðar í miðborgarkjarna. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda í miðborgarkjarna en á afmörkuðu svæði eru rýmri veitingaheimildir. Sjá nánar kafla 19, Sérstök ákvæði um starfsemi. Frekari markmið og forsendur um þróun miðborgar eru settar fram í skjalinu B2. Miðborgin. Bankastræti 5 er á miðborgarsvæði með rýmri heimildir um vínveitingar. Um rýmri miðborgarheimildir segir í aðalskipulagi: Núverandi landnotkun í miðborginni leggur línur varðandi stigskiptingu opnunartíma veitingastaða. Þannig eru takmörkuðustu heimildirnar næst íbúðarbyggð, en rýmstu heimildir fjærst íbúðarbyggð. Rýmri miðborgarheimildir – lengst opið til 4.30 um helgar/frídaga Á svæði með rýmri miðborgarheimildir má heimila allar tegundir veitingastaða í flokki I–III. Þó aldrei lengur en til 4.30. Í rekstrarleyfi veitingastaða á þessu svæði má heimila útveitingar, þó aldrei lengur en til kl. 23.30. Skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald eru veitingastaðir í flokki II „Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.“ Þar segir um skemmtistaði í 18.gr. *tegundir veitingastaða:* b. Skemmtistaður: Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi og fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Hér undir falla einnig staðir þar sem aðaláhersla er lögð á



Reykjavík



áfengisveitingar, dans gesta, tónlist og langan afgreiðslutíma en engar eða takmarkaðar veitingar í mat. Í málsmeðferðarreglum vegna veitingastaða og gististaða segir í 6.gr. um veitingastaði utan íbúðasvæða: Í miðborg, á miðsvæðum, á hafnarsvæði H2 í Örfirisey (sbr. mynd 6 í kafla um hafnarsvæði í AR) og athafnasvæðum má heimila veitingatíma áfengis frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga, þó til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennta frídaga. Heimilt er að takmarka veitingatíma frekar en kemur fram í 1. mgr., s.s. ef veitingastaður er umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Ef telja verður að starfsemi áfengisveitingastaðar falli ekki að nálægri byggð er heimilt að synja um rekstrarleyfi. [...]Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má heimila rýmri veitingatíma áfengis á tilteknum svæðum sem hér segir: a. á svæði sem merkt er með rýmri miðborgarheimildum á mynd 5 í landnotkunarkafla AR, um flokkun svæða í miðborginni, frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga; þó til kl. 04.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Niðurstaða: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn Kabarett – Fjölistahús í húsinu við Bankastræti 5, fnr. F2004318, í flokki II – B skemmtistaður með afgreiðslutíma áfengis frá kl.11:00 til kl.01:00 alla daga og útiveitingar frá kl.11:00 til kl.21:00 alla daga.

Byggingarfulltrúi: Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa er varðar rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, B skemmtistaður – Kabarett, Fnr. F2004319, rýmisnr. 0001 og 0101, kt. 5211240240, Bankastræti 5, 101, Reykjavík. Samkvæmt gögnum embættis byggingarfulltrúa voru breytingar á húsnæðinu samþykktar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur 12.ágúst 2025 (USK25050073) og lokaúttekt staðfest með útgáfu vottorðs dags. 10. nóvember 2025. Leyfið takmarkast við 160 gesti. Jákvæð umsögn er varðar útiveitingar þar sem afnotasamningur og teikningar af útisvæði eru meðfylgjandi þessari umsókn

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins: Slökkviliðið fellst á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við 160 manns. Á grundvelli framlagðra gagna. Öryggis-lokaúttekt liggur fyrir.

Heilbrigðiseftirlit: Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Fyrir liggur samningur um afnot af borgarlandi og teikningar af útisvæði. **Vegna grenndaráhrifa er notkun hátalara á útisvæði bönnuð. Á staðnum er eingöngu heimilt að spila lágstemmda tónlist. Rekstraraðili skal setja upp skilti utandyra með upplýsingum um að gestir veitingastaðarins skuli taka tillit til nágranna og ekki vera með háreysti.** Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Því er staðfest að umsóknin er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsógnin er því jákvæð.

Rekstrarleyfi veitingastaða skulu bundin því skilyrði að leyfishafi haldi hreinni lóð og nánasta umhverfi veitingastaðarins, þ.m.t. gangstétt framan við staðinn, og þrifi ávallt að skemmtun lokinni. Borð, stóla og aðra muni á útiveitingarsvæði skal taka inn eða ganga þannig frá að ekki sé hægt að nota þá t.d. festir með keðju í lok dags þannig að ekki verði ónæði frá svæðinu, í síðasta lagi á lokunartíma útiveitingasvæðis sem gefinn er upp í rekstrarleyfi.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Viktoría J. Laxdal

Viktoría J. Laxdal

e.u.



Reykjavík